

# Ársskýrsla 2006

## Efnisyfirlit

Fjórtá starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins .....	4
Stjórn	4
Starfsmenn	4
Húsnæði og vinnuaðstaða	4
Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið	4
Fjárhagur	5
Samstarfsvettvangur ASÍ og SA.....	6
Húsfélag	6
Þjónustu- og samstarfssamningar	6
Verkefnasamningar	10
Verkefni FA samkvæmt þjónustusamningi.....	12
Nýjar námsleiðir	12
Dreifing á námsskrám FA	13
Gæði námsleiðanna	13
Norrænt samstarfsverkefni NILS	14
Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað	14
Skilgreiningar á menntunarbörfum	15
Upplýsingaöflun í námsskrárgerð	15
Upplýsingar frá símenntunarmiðstöðvum	15
Mat á óformlegu námi og raunfærni.....	15
Mat á námsskrám	16
Upplýsingaöflun	16
Tilraunaverkefni	17
Leonardo da Vinci tilraunaverkefni: VOW	19
Leonardo tilraunaverkefni CREAC.	20
Bakhópur fræðslumiðstöðva iðngreina	20
Bakhópur um nýjungar í mati á námi og árangursmiðað nám	20
Tillögur til menntamálaráðuneytisins	21
Námsferilsskrár	21
Þróun aðferða í náms- og starfsráðgjöf .....	21
Upplýsingaöflun og -miðlun í ráðgjöf	22
Kennslufræðimiðstöð .....	23
Upplýsingaöflun í kennslufræði fullorðinna	23
Náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum. ....	23

Íslenska fyrir erlenda starfsmenn .....	25
Vottaðar námsleiðir hjá símenntunarmiðstöðvunum .....	26
Upplýsingasöfnun og miðlun .....	30
Ársritið Gátt .....	30
Útgáfa á námsskrám .....	31
Kynningarefni .....	31
Fundir og ráðstefnur .....	31
Vefurinn .....	31
Önnur verkefni .....	32
Fagráð verslunar og þjónustu .....	32
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, NVL .....	32
Fullorðinsfræðslusamtökin á Íslandi .....	35
Fyrirmyndarfyrirtæki 2006 .....	35
Fylgiskjöl: .....	36
Almennir samningsskilmálar (óbreyttir frá síðasta ári) .....	36
Verkátun 2006 .....	37
Markmið og árangur verkefna 2006 .....	38
Yfirlit yfir fræðslu annarra aðila sem FA veitir þjónustu .....	39
Námskeið sem FA annast .....	46
Þarfagreiningar .....	46
Námsskrár til mats í menntamálaráðuneyti .....	46
Raunfærniáðgjöf .....	46
Námsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvunum .....	47
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2006 .....	47

## **Fjórða starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**

Árið 2006 er fjórða starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var opnuð formlega þann 21. nóvember 2003, en samningur við menntamálaráðuneytið hafði verið undirritaður í apríl sama ár. Sá samningur gildi til loka árs 2006, en í ársbyrjun 2006 var nýr þjónustusamningur undirritaður af fulltrúum ASÍ og SA ásamt menntamálaráðherra.

### **Stjórn**

Aðalfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 29. maí 2006 og framhaldsaðalfundur þann 11. september sama ár. Í stjórn voru kosnir: Gylfi Arnbjörnsson, formaður, Gústaf Adolf Skúlason, varaformaður, Atli Lýðsson, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, og Ingi Bogi Bogason. Varamenn í stjórn voru kosnir: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA.

Stjórnin hélt 13 stjórnarfundum á árinu. Ársfundur var haldinn þann 23. nóvember.

### **Starfsmenn**

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru á árinu 2006: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Bjarni Ingvarsson, Björn Garðarsson, Fjóra María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Stöðugildi voru 8,7 á árinu.

### **Húsnæði og vinnuaðstaða**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins flutti aðsetur sitt á árinu. Fyrri hluta árs var hún til húsa á Grensásvegi 16a, en flutti þann 1. september í Skeifuna 8. Skrifstofa Fræðslumiðstöðvarinnar er á 2. hæð hússins, en Fræðslumiðstöðin leigir samstarfsaðilum sínum skrifstofuhúsnæði og kennsluhúsnæði. Auk þess leigir Fræðslumiðstöðin nokkrum óskyldum aðilum húsnæði.

### **Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið**

Greinargerð um starfsemi ársins 2005 var send ráðuneytinu fyrir 31. mars 2006, eins og þjónustusamningur kveður á um. Fundur var haldinn um greinargerðina í ráðuneytinu 15. júní. Á fundinum voru Stefán Stefánsson, Karl Kristjánsson, Ólafur Grétar Kristjánsson og Þórir Ólafsson fyrir hönd ráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fyrir hönd FA.

Starfs- og verkáætlun ásamt fjárhagsáætlun voru sendar til menntamálaráðuneytisins eins og þjónustusamningur segir til um fyrir 1. september. Í framhaldi var haldinn samráðsfundur milli aðilanna þann 26. september í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8. Fundinn sátu Stefán Stefánsson, Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Jenný Bára Jensdóttir fyrir hönd

menntamálaráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

### **Fjárhagur**

Framlög menntamálaráðuneytisins til starfseminnar á árinu 2006 voru 166 milljónir króna. Ekki var að fullu nýtt fjármagn í þau nýju verkefni, sem komu inn með nýjum þjónustusamningi. Um var að ræða 100 milljónir í þrjú verkefni, tvö þeirra framlög til símenntunarmiðstöðva og eitt hjá FA. Af 95 milljónum til símenntunarmiðstöðva voru eftirstöðvar rúmar 6 milljónir af fjármagni, sem áætlað var til vottaðra námsleiða og 2,3 milljónir eftirstöðvar af fjármagni sem áætlað var til náms- og starfsráðgjafar. Eftirstöðvar fjármagns til námsefnisgerðar í íslensku og þjálfunar leiðbeinenda var um 4,8 milljónir. Þetta fjármagn fer í verkefnasjóði og framkvæmd mun eiga sér stað á næsta ári.

Það fé, sem greitt var til símenntunarmiðstöðvanna í vottaðar námsleiðir var um 59 milljónir, en ekki var framkvæmt fyrir 3,3 milljónir af því. Það fé sem greitt var til símenntunarmiðstöðva vegna náms- og starfsráðgjafar var 27,7 milljónir, en ekki tókst að ljúka verkefnum fyrir 7,7 milljón af þeirri fjárhæð. Þetta fé er fært sem fyrirframgreiddar tekjur í ársreikningum miðstöðvanna og sem útstandandi krafa á þær í ársreikningum FA. Þessum verkefnum mun væntanlega öllum ljúka á fyrstu mánuðum ársins 2007.

Að öðru leyti var árið að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun. Verkefnasjóður sá sem myndaðist vegna seinkunar á starfseminni á fyrstu árunum var nýttur að hluta til á árinu, en ekki í jafn miklum mæli og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun, 8,5 milljónir voru nýttar úr verkefnasjóðnum, en á áætlun voru 19,5. Skýring á því er fyrst og fremst talsverð aukning í vaxtatekjum og hagstæðum gengismun um tæpar 7 milljónir. Unnin var ítarleg greiðsluáætlun fyrir fjórða starfsár félagsins. Tekjur og gjöld voru áætluð um 223.500.000,-. Tekjur ársins 2006 urðu um kr. 193.000.000 eða um 30 milljónum lægri en áætlað hafði verið. Útgjöld voru áætluð 223.500.000 en urðu um 199.000.000.- eða 24 milljónum lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Minni fjármunum var varið til námsefnis í íslensku fyrir útlendinga eins og áður er getið, útgáfu- og kynningarkostnaðar og sérfræðiþjónustu.

Aukning í tekjum var 141% milli ára, þar af var aukning tekna úr ríkissjóði 137%, en aukning sértekna 158%. Í aukningu tekna úr ríkissjóði munar auðvitað mestu um 100 milljónir vegna nýrra verkefna. Varðandi sértekjur er aukning í öllum liðum, verkefnatekjum, húsaleigutekjum og öðrum tekjum. Aukning útgjalda milli áranna 2006 og 2005 var 145% og fylgir sú útgjaldaaukning auknum tekjum.

Um frekari upplýsingar vísast í ársreikning félagsins.

## Samstarfsvettvangur ASÍ og SA

**ASÍ og SA reka Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. til að sinna verkefnum samkvæmt þjónustusamningi, auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök samstarfsverkefni en FA mun stjórna framkvæmd þeirra að viðhöfðu samráði við menntamálaráðuneytið. (Úr þjónustusamningi)**

### Húsfélag

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Mímir – símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnæði af FA. Auk þess eru hinir nýju sjóðir Ríkismennt og Sveitamennt vistaðir hjá Landsmennt. Þann 1. september flutti þetta fræðslusamfélag starfsemi sína í Skeifuna 8, 2. hæð. Í árslok bættist Rannsóknarsetur verslunarinnar í fræðslusamfélagið. Rúmt er um starfsemina sem nú er öll á einni hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 8 kennslustofur auk skrifstofuhúsnæðis. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsnæðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur aukna möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi. Þegar þessi greinargerð er skrifuð er húsnæðið í fullri nýtingu.

Gerður var samningur við Skýrr um kerfisleigu. Þetta eykur öryggi í skjalavistun Fræðslumiðstöðvarinnar og samstarfsaðila hennar.

### Þjónustu- og samstarfssamningar

Eftirfarandi samningar voru gerðir við fræðsluaðila á árinu 2006:

Samstarfssamningur við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina um að efla fagmenntun í matvæla- og veitingagreinum með því að skilgreina almennar reglur um viðmið og þróa aðferðir og tæki, sem nota má í raunfærnimati einstaklinga til styttingar á starfsnámi, með hliðsjón af námsferilsbókum. Samningurinn var undirritaður 19. janúar 2006. Verkefninu er lokið.

Samstarfssamningur við Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina um að gera færni viðmið fyrir raunfærnimat til styttingar á námi á leik- og grunnskólabraut auk þess að útbúa gátlista byggða á námsskrá og áfangalýsingum. Samningurinn var undirritaður 2. mars 2006. Verkefninu er lokið.

Þjónustusamningur við Mími - símenntun um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Mími - símenntun. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Mími - símenntun. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslunet Suðurlands um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Fræðslunet Suðurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Fræðslunet Suðurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslunet Austurlands um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Fræðslunet Austurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Fræðslunet Austurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Þjónustusamningur við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Þjónustusamningur við Þekkingarsetur Þingeyinga um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Þekkingarsetur Þingeyinga. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Þekkingarsetur Þingeyinga. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur við Starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina um að útbúa viðmið um úrválsnámsefni sem hentar nýrri námsskrá fyrir starfsnám í þjónustugreinum. Samningurinn var undirritaður 16. maí. Verkefninu er lokið.

Þjónustusamningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi. Samningurinn var undirritaður 11. maí 2006.

Þjónustusamningur við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samningur um náms og starfsráðgjöf við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samstarfssamningur við Alcan á Íslandi um að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi fram framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 19. september 2006.

Samningur við Betri lausnir um þarfagreiningu, samanburð á leiðum og verkefnisstjórn við innleiðingu á hugbúnaðarlausnum sem henta starfsemi verkkaupa og samstarfsaðila hans. Samningurinn var undirritaður 24. nóvember 2006.

Samningur við Oviedo Chamber of Commerce á Spáni um þátttöku í Leonardo verkefninu CREAC. Samningurinn var undirritaður 5. desember 2006.

## **Eldri þjónustu- og samstarfssamningar.**

Við Samtök verslunar- og þjónustu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Verzlunarskóla Íslands um mat á óformlegu námi, kennslufræðinámskeið, verkefnisstjórnun og eftirfylgni, árangursmælingar og endurskoðun vegna tilraunaverkefnis í verslunarfagnámi. Samningurinn var undirritaður 9. september 2004. Námskrá verslunarfagnáms var endurskoðuð og gefin út á árinu.

Við Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð og mat á óformlegu námi fyrir byggingarverkamenn. Samningurinn var undirritaður 17. nóvember 2004. Námskrár hafa verið samþykktar til tilraunakeyrslu.

Við CFL í Svíþjóð vegna Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande um að vera fulltrúi Íslands í norrænu neti, NVL, frá 1.1.2005-31.12.2006. Samningurinn var undirritaður 20. desember 2004. Samningnum lauk í árslok og nýr samningur var undirritaður í ársbyrjun 2007.

Við Félagsmálaskóla alþýðu um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var undirritaður 28. júní 2005. Verkefnið er enn í vinnslu.

Við Leonardo da Vinci um tilraunaverkefni á sviði raunfærnimats í atvinnulífinu. Verkefnið ber nafnið The Value of Work (VOW). Samningur var undirritaður 19. september 2005. Samningurinn er til tveggja ára.

Við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Fagráð verslunar og þjónustu (FVP) um eflingu fagmenntunar á sviði verslunar- og þjónustu með því að annast ákveðin viðfangsefni á sviði fagmenntunar, eftirmenntunar og fræðslumála í umboði Fagráðs verslunar- og þjónustu. Samningurinn var undirritaður 14. október 2005 og lauk 31.12.2006. Nýr samningur verður undirritaður í ársbyrjun 2007.

Við Eimskipafélag Íslands um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var undirritaður 1. desember 2005. Námskrá Vöruflutningaskólans hefur verið gefin út.

## **Verkefnasamningar**

Við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar vegna námsskrárgerðar fyrir sérhæfða verkamenn í iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjum. Samningurinn var undirritaður 19. janúar 2006. Verkefninu er lokið.

Við Kristínu Ástgeirsdóttur, Háskóla Íslands, um að leiða starf í norrænu verkefni, þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Við Leena Jokinen, Finland Futures Research Centre, Turku School of Economics um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Við Arne Carlsen, um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Við Harry Bjerkeng, um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Við Alfonso Alvarex Lafuente um að annast mat á Leonardoverkefninu Value of Work. Samningurinn var undirritaður 12. júní 2006.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar á „Skref til sjálfshjálpar“ í lestri og ritun, sem ætlað er fullorðnum með lestrar og stafsetningarörðugleika byggt á hugmyndafræði og framkvæmd samnefnds námskeiðs, sem Rannveig Lund stóð fyrir í samstarfi við MSS. Samningur var undirritaður 16. október 2006.

Við Áslaugu Björt Guðmundardóttur um þróun undirviðmiða fyrir sett viðmið um þekkingarþörf starfsmanna í bönkum í verkefninu The Value of Work ásamt þróun aðferðafræði og framkvæmd sjálfsmats og matsáætlunar fyrir þátttakendur í verkefninu og í samstarfi við fræðslustjóra bankanna og verkkaupa.

Við Eflingu - stéttarfélag um greiningu á fræðsluþörfum starfsmanna Umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að setja saman námstilboð fyrir þá. Undirritaður í desember 2006.

#### **Eldri verkefnasamningar.**

Við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi vegna námsskrárgerðar fyrir skólaliða. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2005. Verkefninu er lokið.

Við Starfsafl – starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um raunfærnimat verkamanna hjá Símanum miðað við námsskrá símsmiða við Iðnskólann og undirbúning að námstilboði fyrir þá verkamenn hjá Símanum sem rétt eiga á námstilboði samkvæmt bókun í sérkjarasamningi. Samningurinn var undirritaður 21. júní 2005. Verkefninu er lokið.

Við Landspítala – háskólasjúkrahús vegna verkefnisins „Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað“. Samningurinn var undirritaður 17. ágúst 2005. Verkefninu er á lokastigi.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu (Fagnámskeið II). Samningurinn var undirritaður 26. ágúst 2005. Verkefninu er lokið.

Við Félagsmálaskóla alþýðu um þarfagreiningu vegna náms fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn stéttarféлага. Samningurinn var undirritaður 3. nóvember 2005. Verkefninu er lokið.

## Verkefni FA samkvæmt þjónustusamningi

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. (Úr þjónustusamningi)

- a) Að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Afla skal upplýsinga um markhópin, styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.

### Nýjar námsleiðir

Á árinu 2006 voru gefnar út eftirtaldar námsskrár: *Fagnámskeið II fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu*, hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, 60 kennslustundir. *Grunnnám fyrir skólalíða*, hannað af Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, 70 kennslustundir. *Vöruflutningaskólinn*, hannaður af Eimskipafélagi Íslands, 339 kennslustundir, þar af 48 í vinnustaðanám. *Verslunarfagnám* hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir Samtök verslunar og þjónustu, VR og samstarfsaðla, 1020 kennslustundir. *Fjölverkjanám*, hannað af Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, 170 kennslustundir.

Á árinu var jafnframt unnið að eftirtöldum námsleiðum:

*Skref til sjálfshjálpar* í lestri og ritun, 60 kennslustunda námskeið, en tilgangur þess er að styrkja lestrar- og ritunarhæfni og auka þar með hæfni til starfs og áframhaldandi náms. *Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk*, 60 kennslustunda bóklegt nám ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávaraflla. Skemur á veg komin er vinna við *Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu* ætlað starfsmönnum sem aðstoða, annast um eða hlynna að sjúkum, fötluðum og öldruðum á einkaheimilum eða stofnunum, *Stóriðjuskólinn*, ætlaður þeim sem vinna við álframleiðslu, *Þjónustugrunnur – ferðaþjónustunám* ætlað ófaglærðum sem starfa í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi innan ferðaþjónustu. Einnig er í undirbúningi nám í almennum bóklegum greinum ætlað þeim sem vilja ljúka iðnnámi.

Þrjár námsskrár voru endurútgefnar á árinu; *Grunnmenntaskólinn*, *Landnema-skólinn* og *Aftur í nám*.

## ***Dreifing á námsskrám FA***

Markmiðið er að koma tilbúnum námsleiðum á framfæri við samstarfsaðila FA, svo þær standi markhópi FA til boða óháð búsetu. Í þessu skyni eru útgefnar námsskrár sendar til allra samstarfsaðila FA. Það er einnig markmið með þeim að auðvelda framhaldsskólum að meta nám við inntöku nemenda og eru námsskrárnar því einnig sendar öllum framhaldsskólum. Jafnframt eru þær birtar á vef FA [www.frae.is](http://www.frae.is)

## ***Gæði námsleiðanna***

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum námsins, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér **ekki** um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu á samstarfsaðila sína um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Hópur sérfræðinga er FA til ráðuneytis um kennslufræðileg málefni. Hópurinn skipa Hróbjartur Árnason, KHÍ, Guðrún Geirsdóttir, HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir, HA. Sérfræðingahópur FA hittist ekki á árinu 2006.

Á árinu 2005 var lögð umfangsmikil vinna í að semja gæðaviðmið í starfi símenntunarmiðstöðva. Í upphafi árs 2006 voru gæðaviðmiðin kynnt fyrir samstarfsaðilum FA á fundi, sem haldinn var 4. janúar. Hluti fundarmanna tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Á fundinum var farið yfir vinnuna við gæðaviðmiðin og innihald þeirra rætt. Samstarfsaðilar FA voru ánægðir með hvernig til hafði tekist og ákváðu að hefja notkun á viðmiðunum í tilraunaskyni. Markmiðið er síðan að yfirfara þau, þegar nokkur reynsla er komin á notkun þeirra.

Í mars voru gæðaviðmiðin sett á vef FA og má finna þau þar undir liðnum Gögn/gæðaviðmið.

Unnið var að gerð viðmiða um úrvalsnámsefni, sem hentar nýrri námsskrá fyrir starfsmenn í þjónustugreinum. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við Starfsgreinaráð fjármála-, verslunar- og skrifstofugreina. Afurðir verkefnisins eru m.a. mælistika með leiðbeiningum. Mælistikan gefur nokkuð nákvæman ramma um þá þætti sem eru afgerandi fyrir árangursríkt námsefni og notkun þess við nám og kennslu. Hún gegnir jafnframt því hlutverki að vera leiðarvísir fyrir námsefnishöfunda og fræðsluaðila og matstæki fyrir eftirlitsaðila, en nýtist um leið fleirum í almennri gæðaviðleitni. Mælistika þessi er nýsköpunarverkefni og mun því þurfa að slípast og þróast við notkun en reynt var að prófa hana eins og unnt er við fyrstu gerð. Annar hluti verkefnisins var að skilgreina þarfir fyrir námsefni sem hentar markhópi og markmiðum námsskrárinnar og gera tillögur að uppbyggingu námsefnis og námsaðferðum. Þær tillögur sem lagðar voru fram miðast við lokamarkmið náms, en ekki innihald einstakra skilgreindra áfanga í námi samkvæmt

námslýsingum. Tillögurnar eru því lýsing á hvers konar námsefni þarf að vera fyrir hendi til að fullnægja kröfum námsskrárinnar.

Vinnan við mælistikuna hefur mikið yfirfærslugildi í starfsemi FA. Á haustmánuðum var hafin vinna við að móta mælistiku í námsefnisgerð í íslensku fyrir erlenda starfsmenn á sama grunni og verður komin nánar að þeirri vinnu hér síðar.

Fulltrúi FA situr í bakhópi í Norrænu neti um gæðamál í fullorðinsfræðslu. Guðmunda Kristinsdóttir sótti fundi í Osló í apríl og Helsingfors í október, og tók þar jafnframt þátt í ráðstefnu um gæðamál í fullorðinsfræðslu. Innan FA er einnig bakhópur um gæðamál í fullorðinsfræðslu.

Gæðanet NVL hélt ráðstefnu í Osló í 8.-9. júní „Kvalitet i voksnes læring, en udfordring for velferdsnorden“, þar sem fjallað var um gæði í námi fullorðinna. Ráðstefnuna sóttu af hálfu FA Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, sem hélt fyrirlestur á ráðstefnunni um gæði og jafnrétti.

Fulltrúi FA tekur þátt í undirbúningshópi í ALL verkefninu, sem er erlent samstarfsverkefni á vegum Menntar. Í verkefninu er lýst kerfi um vottun fræðslu aðila. Niðurstöður ALL verkefnisins voru lagðar til grundvallar gæðaviðmiðum FA, sem greint er frá hér að ofan.

Auk þessa starfs stendur kennslufræðimiðstöð FA fyrir námskeiðum í fullorðinsfræðslu, sem hafa það markmið að bæta gæðin í námi fullorðinna á vegum samstarfsaðilanna. Gerð er grein fyrir þessu starfi undir liðnum kennslufræðimiðstöð.

### ***Norrænt samstarfsverkefni NILS***

FA var á árinu 2006 þátttakandi í norrænu verkefni, NILS, sem hafði það að markmiði að upplýsa atvinnurekendur, stjórnvöld, stéttarfélög og almenning um notkun á ýmsum hjálpartækjum við lestur og skrift. Verkefninu var einnig ætlað að hvetja fólk í atvinnulífinu með lestrar- og skriftarerfiðleika til að nota þessi hjálpartæki. Upplýsingaefni kom út á árinu, bæði DVD diskur og bæklingur. Haldinn var kynningarfundur hér á landi 5. nóvember og komu 40 manns á fundinn, sem var að hluta til staðbundinn, en að hluta til í fjarfundarbúnaði frá samstarfsaðilum í Noregi. DVD diskinum hefur verið dreift frítt til þeirra sem hafa sýnt málefni áhuga. Hann hefur einnig verið kynntur við ýmis tækifæri á vegum FA.

### ***Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað***

Í árslok 2005 hófst undirbúningur að samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ og menntamálaráðuneytið um vinnslu á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað í vinnumarkaðskönnunum. Niðurstöður voru væntanlegar á árinu 2006, en munu ekki liggja fyrir fyrr en á árinu 2007.

### **Skilgreiningar á menntunarpörfum**

Markmiðið með samstarfssamningum við fræðsluaðila er að gera námsleiðir viðkomandi aðila fyrir markhóp FA aðgengilegar og gagnsæjar með það fyrir augum að hægt sé að fá þær metnar til eininga á framhaldsskólastigi, tryggja framkvæmd samstarfsaðilans á svæði sínu en jafnframt er leitast við að auðvelda framkvæmd námsleiða sem víðast á landinu. Einnig er markmiðið að búa til nýjar námsleiðir fyrir hópa sem ekki hafa notið fræðslu áður. Í því skyni býður Fræðslumiðstöðin fræðsluaðilum og öðrum samstarfsaðilum upp á samstarf um þarfagreiningar og í framhaldi af því lýsingu í námsskrá og mat til eininga á framhaldsskólastigi.

Þarfagreining var unnin fyrir Samtök ferðapjónustunnar og Starfsgreinasamband Íslands og samstarfsaðila vegna námsskrár í ferðapjónustu. Í framhaldi af skýrslu, sem SAF lét gera um þörf á fræðslu í ferðapjónustu var haldinn umræðu- og stefnumótunarfundur um skipulag starfsmenntunar fyrir ófaglærða starfsmenn í ferðapjónustu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók síðan að sér nánari þarfagreiningu fyrir ófaglærða starfsmenn í hótél- og veitingageiranum innan ferðapjónustunnar. Ákveðið var að semja 60 kennslustunda langa námsskrá byggða á þessari greiningu. Skýrslu var skilað í október 2006 og tilraunanámsskrá lá fyrir í árslok.

### **Upplýsingaöflun í námsskrágerð**

Guðmunda Kristinsdóttir fór í mannaskiptaferð á vegum Leonardo mennta-áætlunar Evrópusambandsins til Helsingfors vikuna 10.-17. september 2006 til að kynna sér starfsmenntun fullorðinna með áherslu á starfsmenntun í ferðapjónustu. Þetta var hluti af þarfagreiningarverkefni fyrir SAF og SGS.

### **Upplýsingar frá símenntunarmiðstöðvum**

Árlega eru teknar saman upplýsingar frá símenntunarmiðstöðvunum og Mími - símenntun um starfsemi ársins 2005. Þessi upplýsingasöfnun er liður í því að skoða þarfir markhópsins fyrir námstilboð. Gerð var grein fyrir þessari upplýsingasöfnun í greinargerð síðasta árs til menntamálaráðuneytisins.

## **Mat á óformlegu námi og raunfærni**

**b) Að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði. Unnið skal að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Einnig skal FA þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalds) í samstarfi við**

## **fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni. (Úr þjónustusamningi)**

Mat á óformlegu námi fer fram í matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, en ráðuneytið staðfestir síðan matið. Í nefndinni eru Ólafur Grétar Kristjánsson og Þórir Ólafsson frá menntamálaráðuneytinu, Sölvi Sveinsson, fyrir hönd Félags framhaldsskóla, og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, FA. Matsnefndin hélt einn fund á árinu 2006 og lagði til að menntamálaráðuneytið staðfesti mat á 2 námsskrám til styttingar á námi í framhaldsskóla. Jafnframt voru samþykktar matsreglur til að hafa til hliðsjónar í starfinu framundan og halda áfram að móta þær eftir þörfum.

### **Mat á námsskrám**

Í febrúar staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti þrjár námsleiðir til styttingar náms á framhaldsskólastigi. Um er að ræða Vöruflugningaskólann hannaðan af Eimskipafélagi Íslands, sem er 339 kennslustundir og var metinn til allt að 23 eininga, Grunnám fyrir skólaliða, hannað af Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, 70 kennslustundir, metið til allt að 6 eininga, Fagnámskeið II fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu, hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, 60 kennslustundir, metið til allt að 5 eininga. Í ágúst staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti tvær námsleiðir til styttingar náms á framhaldsskólastigi. Um er að ræða Verslunarfagnám, hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir Samtök verslunar- og þjónustu, VR og samstarfsaðila. Námið er 1020 kennslustundir og metið til allt að 51 einingar. Fjölverkjanám var hannað af Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, 170 kennslustundir, metið til all að 13 eininga. Ráðuneytið ritaði framhaldsskólunum bréf um málið en mat á námi á framhaldsskólastigi er í höndum skólameistara og er það ávallt einstaklingsbundið.

Menntamálaráðuneytið samþykkti einnig að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi námsskrár sem verða tilraunakenndar á næstunni, um er að ræða námsskrár, sem unnar höfðu verið í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins vegna náms fyrir byggingarliða: *Grunnám byggingarliða*, 45 kennslustundir. *Gatna- og jarðvinnusvið*, *Húsbyggingarsvið*, og *Framleiðslu- og sölusvið*. Hver námsleið um sig er 200 kennslustundir og metin til 16 eininga. Þessar námsskrár munu verða gefnar út eftir að tilraunakennslu lýkur og námsskrá hefur verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

### **Upplýsingaöflun**

Fjóla María Lárusdóttir sótti ráðstefnu um raunfærnimat og ráðgjöf: Validering i Danmark och Sverige, sem haldin var í Svíþjóð dagana 23.-24. janúar 2006.

Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson fóru á fund í sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat og á ráðstefnu um raunfærni: ERDI Expert Seminar Validation of non-formal and informal learning, í Danmörku dagana 2.-4. febrúar 2006.

Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson fóru á fund í sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat í Svíþjóð dagana 10. -12. maí 2006.

Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson fóru á fund í sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat í Noregi dagana 9.-10. nóvember 2006.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir fóru á norræna ráðstefnu í Þrándheimi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og þekkingarráðuneytisins í Noregi 16.-17. nóvember. Ráðstefnan bar nafnið Lærende virksomheter og fjallaði um nám og færniþróun í fyrirtækjum.

### **Tilraunaverkefni**

Fulltrúi FA tók þátt í tilraunaverkefni Mímis - símenntunar Bættu um betur í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu var leitað leiða til að meta raunfærni þeirra starfsmanna í vélvirkjun sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Þátttakendur í verkefninu voru í upphafi 26 manns sem tóku þátt í kynningarfundum árið 2005. 23 skráðu sig í viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa, en þau viðtöl fóru fram snemma árs 2006. 18 manns héldu síðan áfram í raunfærnimatsferlið. Af þeim fengu 16 manns metna áfanga. Heildarfjöldi metinna eininga var 185 eða 10-12 einingar á mann að meðaltali. Borgarholtsskóli gaf út yfirlýsingu um matið, sem menn gátu framvísað, þegar þeir hæfu nám við skólann.

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landspítala - háskólasjúkrahús, Eflingu - stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mannauði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Á árinu fóru starfsmenn í gegnum matsferli. Eftir sjálfsmat út frá starfstengdum færni viðmiðum fóru deildarstjórar yfir matið. Í framhaldi voru viðtöl við þátttakendur í verkefninu, þar sem farið var yfir sjálfsmatið ásamt því að ýmsar upplýsingar voru skráðar. Einkum var leitað eftir því að skoða færni, sem miðla mætti til annarra til að stuðla að yfirfærslu þekkingar á vinnustað. Unnin var handbók fyrir yfirfærslu þekkingar. Í ljós kom að erfitt var að ljúka verkefninu vegna álags á vinnustað. Um er að ræða nýsköpunarverkefni. Verkefninu mun ljúka í byrjun 2007.

Fulltrúar FA komu að verkefni í raunfærnimati á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS). Um er að ræða hóp byggingarverkamanna á Suðurnesjum sem hafa áhuga á að ljúka formlegu námi í byggingargreinum. Þeir sóttu nám á vegum MSS og fóru í gegnum raunfærnimat á vegum MSS og

Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Hlutverk FA var að vera ráðgefandi í ferlinu. Þátttakendur í upphafi verkefnisins voru 17. Á árinu fengu 7 manns metna áfanga að meðaltali 34 einingar hver. Heildarmat í verkefninu voru 240 einingar. Þetta segir þó ekki alla söguna, vegna þess að áfram var haldið við að miðla einstaklingum til mats í öðrum skólum.

Unnið var að undirbúningi verkefnis á vegum SAMIÐNAR sem sprottið er úr vinnustaðakönnun Samiðnar, þar sem fram hefur komið að 60% þeirra sem gegna faglærðum störfum eru lærðir iðnaðarmenn, en 40% eru ófaglærðir. Skipuð var verkefnisstjórn sem hélt 6 fundi á árinu. Í verkefnisstjórn eru Ásmundur Hilmarsson, sérfræðingur hjá FA, ásamt Fjólu Maríu Lárusdóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá FA og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra FA. Frá Samiðn er Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Samiðnar. Frímenn Ingilín Helgason, náms- og starfsráðgjafi, er fulltrúi Iðnskólans og tók á árinu við af Baldri Gíslasyni, skólameistara. Frá Iðunni eru þau Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri, Hafsteinn Eggertsson, verkefnastjóri og Birgir Hólm, verkefnastjóri. Fulltrúi Mímis - símenntunar í hópnum er Haukur Harðarson, verkefnisstjóri. Markmiðið er að setja af stað raunfærnimat hjá þeim starfsmönnum í greininni, sem hafa byrjað á formlegu námi, en ekki lokið. Ákveðið var að hefja starfið innan hússmiðna. Jafnframt er ráðgert að leita leiða til þess að þeir sem fá raunfærnimat geti lokið námi í greininni. Verkefnisstjórnin fól Iðunni að undirbúa verkefnið og verður það sett af stað í ársbyrjun 2007.

Undirbúningur hófst að raunfærnimatsverkefni í bílgreinum með Mími - símenntun, Borgarholtsskóla og Fræðslumiðstöð bílgreina. Þetta er framhald af Bættu um betur verkefninu sem Mímir - símenntun hélt utan um í vélvirkjun. Verkefnið mun verða sett af stað í ársbyrjun 2007.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér að búa til færniviðmið fyrir Starfsgreinaráð íprótta- og tómstundagreina vegna raunfærnimats til styttingar á námi á leik- og grunnskólabraut. Útbúnir voru gátlistar sem byggjast á námsskrá og áfangalýsingum. Gátlistarnir lýsa færniviðmiðum hvers áfanga fyrir sig. Þeir nýtast líka við sjálfsmat einstaklinga í áföngum námsins og sem undirstaða í greiningarviðtali við raunfærnimat.

FA gerði samning við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina (nú Iðuna) um að þróa aðferðafræði og tæki til skráningar, staðfestingar og mats á færni einstaklinga til styttingar á námi í matvæla- og veitingagreinum með vinnustaðanámi í forgangi. Þróaðir hafa verið gátlistar og gæðaviðmið í vinnustaðanáminu.

Loks var gefinn út bæklingur um raunfærnimat til að nota í tilraunaverkefnum og til kynningar á hugtakinu, ferlinu og evrópsku reglunum um mat á óformlegu og formlausu námi. Evrópsku reglurnar eru helstu gæðaviðmið í raunfærnimati.

### **Leonardo da Vinci tilraunaverkefni: VOW**

Samningur var undirritaður um tilraunaverkefni með styrk frá Leonardo da Vinci þann 19. september 2005. Heiti verkefnisins er Value of Work (VOW - Gildi starfa). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefninu. Heildarkostnaður við verkefnið er 525.852 þúsund evrur og nemur styrkur Leonardo da Vinci menntaáætlunar Evrópusambandsins 394.289 þúsund evrum. Verkefninu lýkur haustið 2007

Markmið og tilgangur verkefnisins er að þróa aðferðir og tæki til að meta færni starfsmanna á vinnustað. Verkefnið gengur út á að prófa mat á færni út frá viðmiðum og hanna leiðbeinandi efni sem getur nýst til yfirfærslu raunfærnimats í önnur störf. Lögð verður áhersla á að skilgreina hlutverk ráðgjafans í ferlinu og aðkomu fyrirtækja og stéttarféлага. Hannaðar verða leiðbeiningar fyrir þessa aðila.

Á Íslandi varðar tilraunaverkefnið almenna starfsmenn í banka. Fagsviðið er fjármálafyrirtæki. Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi eru KB banki, Landsbanki Íslands, Glitnir, Menntaskólinn í Kópavogi, SÍB, VR, starfsgreinaráð verslunar- og þjónustugreina og menntamálaráðuneytið.

Erlendir samstarfsaðilar í verkefninu eru: Synthesis, Center for Research and Education Ltd í Kýpur, Danmarks Erhvervspædagogiske Læreruddannelse-DEL í Danmörku, Malmö Stad Valideringscentrum í Svíþjóð, Andragoski Center Slovenije í Slóveníu og National Institution for Adult Continuing Education, NIACE, í Bretlandi.

Á árinu 2006 var mikið starf unnið í verkefninu. Færni viðmið í störfum bankamanna voru samin og var stuðst við evrópsk færni viðmið (EQF) við þróun þeirra. Jafnframt var byggt á ýmsum gögnum, bæði evrópskum stöðlum, breskum stöðlum og greiningum sem höfðu farið fram í bakhópum í Svíþjóð og á Íslandi. Samstarfslöndin undirbjuggu tilraunaverkefni sín. Undirbúningur að tilraunakeyrlu hófst innan bankageirans á Íslandi, á Kýpur og í Danmörku. Undirbúningur hófst einnig að yfirfærsluverkefnum, en markmiðið með þeim er að kanna hvort staðlar, aðferðafræði og tæki sem þróuð eru vegna bankageirans geti nýst í öðrum geirum. Slóvenía mun leggja áherslu á þá sem sinna umönnun í heimahúsum en í Svíþjóð verður litið til skrifstofumanna í stjórnslu og viðskiptum. Fulltrúar Svíþjóðar höfðu veg og vanda að því að hanna aðferðafræði og tæki til mats á mótí færni viðmiðunum. Á fundi samstarfsaðilanna í Kaupmannahöfn fór fram þjálfun undir leiðsögn Svíanna.

Kynning VOW - verkefnisins hefur verið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er búið að opna vefsíðu þar sem allir sem vilja geta skoðað stöðuna á verkefninu og helstu fréttir. Slóvenía ber ábyrgð á kynningarmálum og hefur veg og vanda af öllu útliti. Á vefsíðunni er hægt að nálgast allar fundargerðir, áætlanir um framkvæmd auk þess eru þar glærुकynningar frá fundum svo og myndir. Í öðru lagi nota þátttakendur umræðutorg á vefnum þar sem þeir senda ýmis skilaboð og henda á milli sín hugmyndum og verkefnum. Auk þessa fer á vefinn allt annað

efni sem tilheyrir verkefninu. Þá eru þátttakendur í reglulegum tölvupóst-samskiptum. Þannig er hægt að skiptast á skoðunum, skipuleggja fundi og annað sem þarf að gera milli þess sem hópurinn hittist. Í þriðja lagi er gefinn út kynningarbæklingur sem er sameiginlegur öllum þátttökulöndum. Hvert land ber ábyrgð á því að þýða bæklinginn og prenta í sínu heimalandi. Í fjórða lagi verður haldin ráðstefna í Reykjavík haustið 2007 þar sem lokaniðurstöður verkefnisins verða kynntar.

Tveir fundir voru haldnir í verkefninu, sá fyrri í Svíþjóð dagana 15.-17. júní og sá síðari í Danmörku 27. september til 1. október. Fjóla María Lárusdóttir og Bjarni Ingvarsson sóttu báða fundina og auk þess sótti Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fundinn í Danmörku. Á fundinn í Kaupmannahöfn komu einnig fulltrúar úr bakhópum landanna.

Íslenski bakhópurinn fundaði þrisvar á árinu 5. júní, 15. ágúst og 6. nóvember. Á fundunum var fjallað um íslensk færniviðmið í bankageiranum, farið yfir nýju viðmiðin í verkefninu og þau metin. Einnig var fjallað um aðferðafræði raunfærnimatsins, tilraunakeyrsln hér á landi undirbúin og markhópur verkefnisins skilgreindur.

### ***Leonardo tilraunaverkefni CREAC.***

Styrkur fékkst til tilraunaverkefnis innan Leonardo menntaáætlunar Evrópusambandsins, sem ber nafnið CREAC. Verkefnið fjallar um raunfærnimat í verslunargeiranum með áherslu á stjórnendur og sölufólk. Það er verslunarráð Oviedo á Spáni, sem stýrir verkefninu, en samstarfsaðlar ásamt FA eru Entente í Bretlandi, viðskiptaráð í Lyon í Frakklandi, vinnumálanefnd í Söderlandsléni í Svíþjóð, samtök iðnfyrirtækja í Frakklandi ásamt samtökum spánskra viðskiptaráða.

### ***Bakhópur fræðslumiðstöðva iðngreina***

Á árinu var fundað með fræðslumiðstöðvum iðngreina um raunfærnimat. Haldnir voru tveir fundir þann 2. og 22. maí. Á fundunum var hlutverk FA í raunfærnimati kynnt, fjallað um Evrópsk færniviðmið, aðferðafræði og tæki til raunfærnimats. Sagt var frá tilraunaverkefnum, áætlunum um framgang og framvindu raunfærnimats á Íslandi og rætt um hvað þyrfti til að innleiða raunfærnimatskerfi á Íslandi.

### ***Bakhópur um nýjungar í mati á námi og árangursmiðað nám***

Menntamálaráðuneytið kallaði saman hópa eða „klaustur“ til að vinna að undirbúningi fyrir ráðstefnuna Menntun og þjálfun til 2010. Einn hópurinn fékk það verkefni að fjalla um nýjungar í mati á námi og árangursmiðað nám byggt á grunni evrópskra tillagna um þróun EQF. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sat í hópnum fyrir hönd FA, en auk hennar voru í hópnum Heimir Guðjónsson, frá FB,

Sigurður Sigursveinsson, skólameistari FSu, Hafsteinn Eggertsson frá Iðunni, Sigurður Albert Ármannsson, frá SÍB og Ólafur Grétar Kristjánsson frá menntamálaráðuneytinu, sem stýrði starfinu. Með hópnum unnu einnig þau Sigurður Guðmundsson hjá Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands og Þóra Magnúsdóttir, sjálfstætt starfandi sérfræðingur í Brussel. Ráðstefnan Menntun og þjálfun 2010 var haldin í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur 26. október 2006. Skýrslu um niðurstöður hópsins ásamt niðurstöðum annarra hópa, sem unnu að undirbúningi, verður skilað til menntamálaráðuneytisins.

### **Tillögur til menntamálaráðuneytisins**

Í árslok hófst vinna við tillögugerð til menntamálaráðuneytisins vegna raunfærnimats til styttingar á námi í framhaldsskóla, en þetta verkefni hefur verið í forgangi hjá FA vegna þess hversu margir á vinnumarkaði hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Tillögunum verður skilað til ráðuneytisins í upphafi árs 2006 eftir samráð við bakland ASÍ og SA.

### **Námsferilsskrár**

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðvelda leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, jafnframt því að halda utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni sem ekki hefur verið metin né staðfest. Á árinu var gerður samningur við Betri lausnir um að gera þarfagreiningu hjá samstarfsaðilum FA til að sá gagnagrunnur sem búin verður til mæti sem flestum þörfum þeirra. Vinnuhópur var settur á laggirnar. Í honum eru Guðmunda Kristinsdóttir frá FA, Björn Sigurjónsson frá Iðunni, Rósa S. Jónsdóttir frá Mími - símenntun, Jóhann Ingólfsson, frá Farskólanum, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Björn Garðarsson frá Fagráði verslunar og þjónustu. Þegar þessari þarfagreiningu lýkur er komið að því að hanna kerfið. Vænta má niðurstaðna úr þarfagreiningunni á miðju ári 2007,

## **Þróun aðferða í náms- og starfsráðgjöf**

### **c) Að þróa aðferðir í náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði og miðla sérfræðipækkingu með handleiðslu og kennslu. (Úr þjónustusamningi)**

Unnið hefur verið að þróun náms- og starfsráðgjafar með ýmsum hætti. Á síðasta ári hófst náms- og starfsráðgjöf hjá 9 af 10 símenntunarmiðstöðvum. Náms- og starfsráðgjafi FA sá um að setja nýráðna náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna inn í þá aðferðafræði sem þróuð hafði verið til að ná til markhóps FA og veita ráðgjöf á vinnustað í tilraunaverkefningu Námsráðgjöf á vinnustað. Það er hlutverk FA að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim aðstoð eftir megni. Í ágúst var haldinn fræðslufundur fyrir ráðgjafa og framkvæmdastjóra símenntunarmiðstöðvanna. Á fundinn komu 21 þátt-

takandi frá samstarfsaðilunum. Unnið var allan daginn eða í 8 kennslustundir. Þar var lögð áhersla á að kynna þennan nýja vettvang og hagsmunaaðila sem eiga þarf samstarf við. Á fundinum var aðferðafræði tilraunaverkefnis kynnt og dreift gögnum til stuðnings í ferlinu og við öflun upplýsinga fyrir FA. Samstarfsnet ráðgjafa hefur átt samskipti um þróun mála í gegnum tölvupóst og hefur náms- og starfsráðgjafi FA einnig verið í reglulegu sambandi við ráðgjafana símleiðis.

FA útbjó bækling og veggspjald til dreifingar á vinnustöðum og hafa símenntunarmiðstöðvarnar nýtt sér þau gögn við kynningu á þjónustunni.

### **Upplýsingaöflun og -miðlun í ráðgjöf**

Náms- og starfsráðgjafi FA tekur þátt í sérfræðingahópi um náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna á vegum Norræns tengslanets um nám fullorðinna (NVL). Þar hefur verið fjallað um stöðu náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndunum og er verið að kanna möguleika á samnorrænu námi í náms- og starfsráðgjöf með sérhæfingu á því sviði.

Fjóla María Lárusdóttir fór dagana 21.-22. ágúst til Danmerkur vegna NVL sérfræðinganets um náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna.

Fjóla María Lárusdóttir fór dagana 10.-12. desember til Danmerkur vegna NVL sérfræðinganets um náms- og starfsráðgjöf og á ráðstefnu um ráðgjöf *Konstruktivisme i med- og modlys: seminar om vejledningens metoder og praksis* á danska kennaraháskólanum DPU.

Auk þessa fór Fjóla María Lárusdóttir dagana 5.-8. nóvember til Jväsýkyla í Finnlandi vegna Stefnumótunarráðstefnu Evrópusambandsins um náms- og starfsráðgjöf *Lifelong Guidance Policies and Systems Conference: Building the Stepping Stones*.

Á árinu komu tveir nemar Háskóla Íslands, úr náms- og starfsráðgjafarnáminu, til að kynna sér starfsemi FA. Starfskynningarnar stóðu yfir í samtals 40 stundir.

Á árinu lauk verkefni sem FA tók þátt í með Eflingu stéttarfélagi, Starfsafli, starfsmennt samtaka atvinnurekenda og Flóabandalagsins og erlendum samstarfsaðilum sem laut að þróun námshvatningar á vinnustað. Lokaráðstefna var haldin í verkefninu í Kennaraháskóla Íslands 23. mars sl. Í verkefninu var lögð áhersla á að þjálfa starfsfólk (trúnaðarmenn, verkstjóra) í jafningjaráðgjöf. Þessi tegund ráðgjafar er vel þekkt í nágrennalöndum, s.s. í Bretlandi þar sem þróuð hefur verið staða fræðslufulltrúa á vegum verkalyðshreyfingarinnar. Fjóla María Lárusdóttir, fulltrúi FA, hélt erindi á ráðstefnunni.

## Kennslufræðimiðstöð

**d) Að þróa aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópinn og miðla sérfræðipækkingu með ráðgjöf og kennslu. (Úr þjónustusamningi)**

FA býður samstarfsaðilum sínum upp á námskeið um kennslufræði fullorðinna. Skipulagt hefur verið eitt grunnnámskeið „Stiklur“ og hafa verið haldin fjögur slík námskeið á árinu; fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Tollstjóraembættið, Þekkingarsetur Austurlands og Mími - símenntun. Útbúin var styttri útgáfa af Stiklum, námskeið sem ber heitir Styttur, og var það haldið fyrir Alþýðusamband Íslands. Einnig voru haldin tvö námskeið fyrir starfsþjálfva vegna verslunarfagnáms annars vegar í Verzlunarskóla Íslands og hins vegar hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Loks var stærsta námskeiðið á árinu „Þegar fullorðnir læra“ með gestakennara frá Svíþjóð, Ingimar Svantesson, haldið á vormánuðum 2006. Þetta námskeið eitt sóttu um 40 manns, en um var að ræða tveggja daga námskeið. Fyrsta námskeið fyrir þá sem leiðbeina í íslensku fyrir erlenda starfsmenn var haldið á árinu fyrir félagsskap sem kallar sig ÍSBRÚ. Um var að ræða hluta af Stiklum. 36 leiðbeinendur tóku þátt í námskeiðinu sem stóð í 8 kennslustundir. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA. [www.frae.is](http://www.frae.is)

Fimm fræðslufundir um kennslufræði fullorðinna og starfsmenntun voru haldnir á árinu, 1 klst. hver: Upplýsingar um markhópinn hjá Kvasi, færniörvun á vinnustað hjá LSH, kennslufræði hugkorta á UT-ráðstefnu, ný viðhorf í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í Viku símenntunar og á fundi hjá Stjórnvísí.

Byggt hefur verið upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsa- kynnum FA. Unnið hefur verið að skráningu safnsins á árinu. Í undirbúningi eru reglur um útlán og kynning safnsins fyrir samstarfsaðilum FA.

### **Upplýsingaöflun í kennslufræði fullorðinna**

Sigrún Jóhannesdóttir fór á ráðstefnu til Hässleholm í Svíþjóð dagana 28.-29. september á NVL Forum för vuxenpedagogik.

## **Náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum.**


**e) Að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga FA við miðstöðvar símenntunar á landsbyggðinni og Mími - símenntun á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina aðferðir við mat á árangri. (Úr þjónustusamningi)**

Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 30 milljónum á árinu til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntarmiðstöðvunum og

Mími – símenntun. Undirbúningsstarfið fór af stað af krafti um leið og nýr þjónustusamningur tók gildi. Unnið var að því að meta þarfirnar með því að taka saman yfirlit yfir markhópin eftir svæðum. Stuðst var við meðaltalstölur árána 2002-2004 um stærð markhópsins eftir landssvæðum. Inntak samninga var mótað og þar með ýmis atriði varðandi kostnaðarþátttöku og upplýsingasöfnun. Loks voru árangursmarkmið ákveðin. Þessi vinna var öll unnin í samráði við menntamálaráðuneytið. Á vormánuðum ársins 2006 voru samningar undirritaðir við alla til þess bæra aðila. Á haustmánuðum var ráðgjöfin komin í framkvæmd hjá þeim að einum aðila undanskildum. Framkvæmdin er unnin eftir þeirri fyrirmynd sem varð til í tilraunaverkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“ og FA tók þátt í á árunum 2003-2005.

Upplýsingar liggja nú fyrir um niðurstöður þessa samstarfs á árinu 2006. Ljóst er að ekki tókst að ná árangursmarkmiðum ársins. Orsakir þess eru margar, en kannski fyrst og fremst sú að 6 miðstöðvar af 9 hófu ráðgjöfina ekki fyrr en á haustmánuðum. Nokkrar miðstöðvar áttu í erfiðleikum með að fá menntaða náms- og starfsráðgjafa til starfa. Þegar ráðgjöfin hófst voru nokkrir byrjunarörðugleikar víða vegna framandi vinnuumhverfis, þar sem um er að ræða ráðgjöf úti á vinnustöðunum og þurfti því að markaðsetja ráðgjöfina fyrir stjórnendum fyrirtækjanna. Það hefur gengið misjafnlega eftir svæðum.


Hins vegar ber mönnum saman um að ráðgjöfin nái tilgangi sínum, fólk sé ánægt með að eiga kost á þessari ráðgjöf og margir þakklátir starfsmenn láti vita af ánægju sinni og gagnsemi ráðgjafarinnar.



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á kynningum í samanburði við fjölda einstaklingsviðtala.

Mynd 1 sýnir hlutfall milli þeirra sem komu í fyrsta viðtal annars vegar og fjölda á kynningum hins vegar. Þetta hlutfall er mjög misjafnt eftir miðstöðvum. Heildarfjöldi þeirra sem kom á kynningar er 2.594 manns í 135 fyrirtækjum á 166 vinnustaðafundum.

Heildarfjöldi einstaklingsviðtala á árinu er 1.231 viðtal, þar af var fjöldi endurkoma 115. Nokkur fjöldi kom í viðtöl vegna raunfærnimats eða 104 viðtöl af heildarfjölda viðtala.



Mynd 2. Heildarfjöldi einstaklingsviðtala í samanburði við árangursmarkmið.

Á mynd 2 má sjá samanburð árangursmarkmiða og þeirra einstaklingsviðtala (allra) sem fóru fram hjá símenntunarmiðstöðvunum. Engin miðstöðvanna náði markmiðum ársins eins og áður er getið og má álykta sem svo að þau hafi verið of metnaðarfull miðað við þær aðstæður að samningar tókust ekki fyrir en á vormánuðum og ráðgjöfin hófst víða ekki fyrir en á haustmánuðum.

FA hefur lagt til að árangursviðmið ársins verði lækkuð um 25%, en engu að síður verða eftirstöðvar hjá öllum miðstöðvunum, sem vinna þarf upp á árinu 2007.

## Íslenska fyrir erlenda starfsmenn

### f) Að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfá kennara/leiðbeinendur í notkun þess. (Úr þjónustusamningi)

Þetta verkefni kom inn í þjónustusamning í upphafi árs 2006. Starfið að því hófst á haustmánuðum. Leitað var eftir þátttöku nokkurra valinkunnra íslensku-

kennara, námsefnishöfunda og menntunarfræðinga til að sitja í stýrihópi, auk fulltrúa fyrirtækja, sem kennt hafa íslensku á vinnustað. Í hópnum eru Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir frá Mími - símenntun, Laufey Eiríksdóttir, frá Þekkingarsetri Austurlands, Ingibjörg Hafstað, frá Alþjóðahúsi, Sigrún Jóhannesdóttir, frá FA, Þórleif Drífa Jónsdóttir frá Landspítalanum og Ísleifur Arnarson frá HB Granda, fulltrúar fyrirtækja, ásamt Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóra FA.

Markmið starfsins voru eftirfarandi:

- Skoða námsskrá, sem gerð hafði verið og yfirfara hana
- Búa til mælistikur í námsefnisgerð út frá námsskránni og reynslu af kennslu útlendinga
- Ákveða hvers konar efni muni henta best
- Skoða það efni sem til er og meta það út frá mælistikum
- Semja við höfunda um notkun þess efnis sem valið verður
- Greina hvaða efni vantar
- Semja við höfunda um að skrifa/hanna nýtt námsefni

Í upphafi starfsins kom í ljós að aðstæður höfðu breyst á vinnumarkaði með opnun Íslenska vinnumarkaðarins fyrir íbúa í löndum Evrópusambandsins á miðju ári. Sú námsskrá sem fyrir lá var hönnuð fyrir 150 stunda nám tengt reglugerð um útlendinga nr. 53. Það var því ljóst að hún mætti ekki þeim þörfum sem við blöstu vegna breytinganna. Stýrihópurinn lagði því megináherslu á það í starfi sínu að búa til mælistiku í námsefnisgerð út frá reynslu af kennslu útlendinga. Á árinu var lokið við að frumhanna mælistikuna og var fenginn íslenskukennari til að nota hana til að meta námsefni í íslenskukennslu. Í árslok voru uppi áætlanir um að fá annan kennara til að nýta mælistikuna við mat á sama námsefni til að skoða áreiðanleika hennar. Mælistikan mun verða tilbúin til tilraunanotkunar í upphafi árs 2007 og mun starfið síðan halda áfram eftir verkáætlun þegar ný námsskrá lítur dagsins ljós, en það verkefni er á höndum menntamála-ráðuneytisins.


## **Vottaðar námsleiðir hjá símenntunarmiðstöðvunum**

**g) Að skilgreina reglur um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir - símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. (Úr þjónustusamningi)**

Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar á landsbyggðinni, Mímir – símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Skilgreining á vottuðu námi eru þær námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.

Ákveðið var að verja 65 milljónum á árinu til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Undirbúningur fyrir þetta verkefni fólst í því að finna leiðir til að greiða framlag frá ríkinu til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Mímis – símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina vegna vottaðra námsleiða. Auk þess þurfti að semja reglur um framlagið, m.a. hvaða upplýsingum halda þarf saman vegna þessa starfs. Úthlutunarreglur voru unnar í nánú samráði við menntamálaráðuneytið. Allar símenntunarmiðstöðvarnar og Mímir – símenntun fengu fjármagn til að framkvæmda vottaðar námsleiðir á árinu, en eingöngu þrjár þessara aðila fóru af stað með vottaðar námsleiðir á vorönn 2006. Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa ekki enn hafist handa, enda ekki fyrr en í árslok, að menntamálaráðuneytið samþykkti mat til styttingar náms í framhaldsskóla á námsskrám fyrir byggingarliða.

Af þeim 65 milljónum sem settar voru í verkefnið voru tæplega 58.919.000 greiddar til samstarfsaðilanna. Þegar uppgjör var gert í árslok höfðu tveir aðilar ekki lokið við framkvæmd á samningsbundnum námsleiðum og því útistandandi kr. 3.805.000 vegna þess. Á mynd 3 má sjá dreifingu námsleiðanna um landið.




Mynd 3. Fjöldi þátttakenda í námstilboðum á vegum símenntunarmiðstöðvanna.


Sem dæmi um dreifingu námsleiðanna um landið var Landnemaskólinn haldinn á 5 stöðum á landinu. Námskeiðið Aftur í nám var haldið á 4 stöðum á landinu. Í Reykjavík einni voru haldin 5 slík námskeið. Grunnám fyrir skólaliða var haldið á tveimur stöðum á landinu. Mikill fjöldi leikskólabrúa og félagsliðabrúa var

haldinn í Reykjavík. Ekki er allt upp talið, en sjá má lista yfir þessi námskeið í fylgiskjali með greinargerðinni.

Á myndum 3 og 4 má sjá að samsvörun er milli dreifinga námsleiðanna um landið og fjölda þátttakenda í námsleiðunum. Vottað nám sem greitt var með fjárframlagi gegnum FA náði til 669 einstaklinga á árinu í 40 verkefnum og var meðaltal kennslustunda á mann 112.




Mynd 4. Fjöldi námstilboða sem eru fjármögnuð með milligöngu FA.



Mynd 5. Kynjahlutfall í námstilboðum sem fjármögnuð eru með milligöngu FA.

Kynjahlutfall í námi sem vottað er og greitt af FA er ójafnt. Ofangreind mynd sýnir að mun fleiri konur en karlar eru þátttakendur í námsleiðunum eða um 82% kvenna á móti 18% karla. Þetta er mjög algengt hlutfall í fullorðinsfræðslu, en meginástæðuna í þessu tilfalli má rekja til þess að mjög margar konur eru í námi á vegum Mímis-símenntunar í brúarleiðum og fagnámskeiðum þeim tengdum eins og áður var getið um.



Mynd 6. Samanburður á árangursviðmiðum og framkvæmd hjá símenntunarmiðstöðvum.


FA setur fram árangursmarkmið um fræðslu samstarfsaðila sinna. Þegar árangursmarkmiðin fyrir 2006 voru sett í lok ágúst 2005 var eingöngu hægt að hafa til hliðsjónar árangur ársins 2004, en þá höfðu markmiðin um nemendastundir náðst og voru rúmlega 20.000. (sjá mynd 6)

Markmiðin fyrir 2006 voru sett í 35.000 nemendastundir, sem verður að teljast vera umtalsverð hækkun milli, að vísu, tveggja ára. Á mynd 6 sést að árangurinn fer langt fram úr markmiðum. Eingöngu vottaða námið sem fær framlag með milligöngu FA nær rúmlega 73.000 nemendastundum eða um 110% hærra en árangursmarkmið ársins.

Helstu ástæður þessarar miklu aukningar eru væntanlega aukið fjármagn í vottaðar námsleiðir, en það skýrir ekki nema hluta aukningarinnar. Ekki er ólíklegt að náms- og starfsráðgjöfin sem byggð hefur verið upp hjá símenntunarmiðstöðvunum sé einnig stór áhrifavaldur í aukningunni.

Það kann þó að hafa áhrif á niðurstöður að samhliða auknu samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar sé upplýsingagjöfin nákvæmari og meiri. Einnig er eftirtektarvert að ekki allt vottað nám er greitt af framlagi í gegnum FA. Skýringin á því er annars vegar að nokkur námstilboð höfðu verið fjármögnuð

eftir öðrum leiðum áður en samið var við miðstöðvarnar á vegum FA. Hins vegar hefur hver miðstöð sinn kvóta af fjármagni og getur því fjármagnað nám umfram kvóta eftir öðrum leiðum. Loks hafa einhverjar miðstöðvar fjármagnað nám sem sérstaklega er ætlað félagsmönnum BSRB eftir öðrum leiðum.



Mynd 7. Hlutfall þátttakenda eftir stéttarfélagsaðild í vottuðum námsleiðum, sem fjármagnaðar eru af FA.

Skiptingu framlags til vottaðra námsleiða með milligöngu FA eftir félagisaðild má sjá á mynd 7. Eins og sjá má eru 90% þátttakenda í félögum innan ASÍ meðan 6% þátttakenda er í félögum innan BSRB og 4% þátttakenda úr öðrum félagasamtökum eða ófélagsbundin.

## Upplýsingasöfnun og miðlun

### h) Að safna og miðla upplýsingum og annast önnur verkefni sem falla að meginmarkmiði FA. (Úr þjónustusamningi)

Kynningarstarf er nauðsynlegt í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Auk viðhalds á heimasíðu, ýmissa kynningarfunda og viðtala í dagblöðum, í félagsblöðum og útvarpi eru helstu áherslur í kynningarmálum:

#### Ársritið Gátt

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2006 fjallar um fullorðinsfræðslu með áherslu á hópa með sérstakar þarfir í námi, en einnig eru

greinar um önnur viðfangsefni FA. Gátt er vandað rit tæpar 80 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is).

### **Útgáfa á námsskrám**

Fimm námsskrár voru gefnar út á árinu. Grunnám fyrir skólaliða, Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu, Vöruflutningaskólinn, Verslunarfagnám og Fjölverkjanám. Þrjár námsskrár voru endurprentaðar: Landnemaskólinn, Grunnmenntaskólinn og Aftur í nám. Þessar námsskrár eru einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar [www.frae.is](http://www.frae.is).

### **Kynningarefni**

Haldið var áfram að framleiða kynningarefni fyrir vottaðar námsleiðir á árinu. Gefnir voru út tveir bæklingar fyrir námsleiðirnar Aftur í nám og Verslunarfagnám. Þetta er liður í því markmiði FA að veita samstarfsaðilum sínum þjónustu og auðvelda þeim að ná til markhópsins.

Gefinn var út bæklingur um raunfærnimat, þar sem hugtakið er skilgreint, matsferlinu lýst og greint frá evrópskum reglum um mat á óformlegu og formlausu námi.

Gefinn var út bæklingur með kynningu á náms- og starfsráðgjöf ásamt veggspjaldi. Þetta efni er í notkun hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími – símenntun og gert til að auðvelda þeim að ná árangri í náms- og starfsráðgjöfinni.

### **Fundir og ráðstefnur**

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 23. nóvember á Grand Hótel. Fundinn sátu 60 manns. Fundurinn fjallaði um sérstakar áherslur í námi þeirra sem minnsta menntun hafa. Gestur fundarins var Knud Illeris, prófessor frá Danmörku, en hann hefur sinnt rannsóknum á þessu sviði um langt árabil. Einnig töluðu Svanfríður Jónasdóttir, Auður Styrkárstöttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir. Ennfremur sögðu þrír námsmenn, sem tekið hafa þátt í vottuðum námsleiðum FA, frá reynslu sinni. Fundarstjóri var Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Fjöldi annarra kynningarfunda var haldinn af starfsmönnum FA og er gerð grein fyrir þeim í fylgiskjali: Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2006.

### **Vefurinn**

Á vef FA frae.is má finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA. Þar eru bæði námsskrár, Gáttin, bæklingar og annað efni. Gæðaviðmið samstarfsaðilanna eru einnig á vefnum. Einnig eru fréttir af viðburðum og efni

sem tengist fundum á vegum FA og samstarfsaðila. Loks eru þar þeir samningar og samþykktir, sem starfsemin byggir á.

## Önnur verkefni

### *Fagráð verslunar og þjónustu.*

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina frá árinu 2005 var Fræðslumiðstöðinni falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Gilti samningurinn til loka árs 2006. Var meðal annars um að ræða verkefni er lutu að mótun heildarmyndar fræðslu innan verslunar- og þjónustugreina, m.a. með tengingu námsbrauta, kynningu og faglegri vinnu vegna starfsmenntasjóðs, skipulagningu á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað til starfsfólks í verslunar- og þjónustugreinum, vinnu að tillögum að nýju námi, ferilbókum og raunfærnimati.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins réð starfsmann til verkefnisins á árinu 2005 og fylgdi hann verkefninu út samningstímann. Meðal þeirra verkefna sem unnið var að fyrir Fagráðið árið 2006 var eftirfylgni við framkvæmd tilraunakennslu í verslunarfagnámi sem Verzlunarskóli Íslands sá um, ásamt mati á lokaverkefnum nemenda og verkefnum í námsáfanganum sérstök færni, en fyrsti hópur verslunarfagnema útskrifaðist um vorið. Þá hófst kennsla í verslunarfagnámi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um haustið og unnið var að mótun ferilbókar fyrir nemendur í náminu. Unnið var að gerð tillagna að raunfærnimati fyrir umsækjendur í verslunarfagnámið ásamt starfsmönnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá hefur starfsmaður Fagráðsins unnið með Verzlunarskóla Íslands að mótun námsbrautar verslunarstjóranáms. Starfsmaður Fagráðsins skipulagði og hafði umsjón með náms- og starfsráðgjöf til starfsfólks innan greinarinnar og ráðgjöfin var kynnt fyrir rúmlega 400 manns og tæp 60% þeirra komu í einstaklingsviðtal í framhaldinu. Samhliða kynningum á ráðgjöfinni var Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks kynntur fyrir starfsfólki í minnst 30 fyrirtækjum og hlustuðu um 500 manns á þær kynningar. Loks ber að geta tveggja greina sem skrifaðar voru Morgunblaðið og Gátt ársrit FA.

### *Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, NVL*

Nám fullorðinna er svið sem nýtur forgangs í norrænu samstarfi. NVL, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, lauk öðru starfsári sínu 2006. Netið er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skrifaði undir samning í desember 2004 við Nationellt Centrum för Flexibelt Lärande (CFL) í Svíþjóð, samningnum lauk í árslok og nýr samningur var undirritaður í ársbyrjun 2007. Starfsmaður FA, Sigrún Kristín Magnúsdóttir hefur sinnt þessu verkefni í hálfu starfi og verið fulltrúi Íslands í NVL. Heimasíða netsins er á: [www.nordvux.net](http://www.nordvux.net).

Starf NVL árið 2006 einkenndist af mikilli virkni, búið var að koma á laggirnar tengslahópum um mismunandi málefni sem undirbúnir höfðu verið á fyrsta starfsári netsins. Þá festi heimasíðan sig í sessi, hún auk DialogWeb, rafræna tímaritsins og fréttabréfsins reyndust vel til þess fallin að miðla upplýsingum til hinna ólíku hópa sem NVL á að vinna með.

### **Tengslahópar**

Fulltrúi Íslands tók þátt í starfi eins vinnuhóps (IT- og demokrati) um notkun upplýsingatækni í fræðslu til þess að stuðla að aukinni samfélagsvirkni. Þá ber fulltrúinn einnig ábyrgð á starfi tveggja norrænna tengslahópa, norrænum tengslahópi um fjarkennslu (DISTANS) og þankabanka um færni til framtíðar, (NTT), enn fremur tveimur íslenskum bakhópum, hópi um gæðastarf og hópi sem samanstendur af fulltrúum Íslands sem á einhvern hátt tengjast NVL í gegn um starf með norrænum tengslahópum eða nefndum. Tengslahóparnir sem fulltrúi Íslands ber ábyrgð á eru afar ólíkir og endurspeglast það í starfinu.

